



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 08.10.2014 Kl.: 09:30 Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá Almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra og Umhverfisstofnun.

Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði
- Sviðsmyndir

Fundargerð

- Gosið heldur áfram með líkum hætti og áður.
- Sigið í öskju Bárðarbungu heldur áfram með svipuðum hraða og áður.
- 23 skjálftar stærri en M3,0 hafa mælst frá hádegi á mánuðag, allir við öskju Bárðarbungu. Sá stærsti var M5,5 kl 10:22 í gær þriðjudag.
- Mjög lítil skjálftavirkni mælist við norðurhluta gangsins.
- GPS mælingar sýna minniháttar hreyfingar.
- Engar breytingar sjást á vatnamælum sem ekki er hægt að skýra með veðurfarsbreytingum.
- Loftgæði:
 - Í dag (miðvikudag) og á morgun (fimmtudag) má búast við gasmengun suðvestur af eldstöðinni, frá Eyjafjöllum að Reykjanesi, þar með talið höfuðborgarsvæðið og upp í Hvalfjörð. Spána má sjá á www.vedur.is/vedur/spar/textaspar/oskufo/ Einnig má sjá gagnvirkt kort af gasdreifingu á síðunni www.vedur.is/vedur/spar/gasdreifing/
 - Á forsiðu vefs Veðurstofunnar er vefsvæði þar sem fólk er beðið um að skrá brennisteinsmengun sem það verður vart við, sjá [skrá mengun](#) í haus vefsins.
- Leiðbeiningar:
 - Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Fólk sem finnur fyrir óþægindum er hvatt til þess að hafa samband við sína heilsugæslustöð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar www.ust.is. Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni [www.loftgæði.is](http://www.loftgaeði.is) Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.
 - Tilmæli og leiðbeiningar frá Sóttvarnalækni og Umhverfisstofnun má finna á heimasíðum stofnananna. www.ust.is og www.landlaeknir.is
 - Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvíldis á vefnum www.vedur.is en þær eru einnig lesnar með veðurfregnunum. Leitast er við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



- Umhverfisstofnun er að skipuleggja dreifingu handmæla víða um land til að bæta upplýsingaöflun um dreifingu mengunarinnar.
- Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið gos@ust.is. Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólk sem hefur orðið vart við mikla mengun; hvar það var statt, tímasetningu, lýsingu á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingu á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).
- Þrír möguleikar eru áfram taldir líklegastir um framvindu:
 - Gosið í Holuhrauni fjarar út og öskjusig í Bárðarbungu hættir.
 - Stórt öskjusig í Bárðarbungu. Gos í Holuhrauni verður langvinnt eða vex. Mögulegt er að sprungan lengist til suðurs inn undir Dyngjujökul og valdi jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnist annars staðar undir jöklínnum.
 - Stórt öskjusig í Bárðarbungu og gos í öskjubroti. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.
- Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.
- **Frá Veðurstofu Íslands:** Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur fyrir Bárðarbungu.
- Vísindamannaráð almannavarna hefur ákveðið að fundir ráðsins verði haldnir mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Næsti fundur vísindamannaráðs verður föstudaginn 10. október.

Ríkislögreglustjórnin almannavarnadeild www.almannavarnir.is www.avd.is Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)